

Akureyri, 01.09.2017
2015030173

Heilsuráð Akureyrarbæjar vill vekja athygli á Lýðheilsugöngum Ferðafélags Íslands (FÍ) í september.

Tækifæri fyrir vina- og vinnustaðahópa til slá saman heilsueflingu og skemmtun.

Í tilkynningu frá FÍ segir:

*Lýðheilsugöngur Ferðafélags Íslands (FÍ) verða á öllu landinu nú í september og eru einn af hápunktunum í glæsilegri afmælis dagskrá FÍ en félagið fagnar 90 ára afmæli á árinu. Göngurnar munu fara fram **alla miðvikudaga í septembermánuði kl. 18:00**. Þetta eru fjölskylduvænar göngur sem taka u.þ.b. 60-90 mínútur og er tilgangur þeirra að hvetja fólk til útivistar og hreyfingar í góðum félagsskap og efla þar með heilsu sína og lífsgæði.*

Á Akureyri verður farið frá skrifstofu Ferðafélags Akureyrar, Strandgötu 23, alla miðvikudaga kl. 18:00 í september (6/9, 13/9, 20/9 og 27/9).

Þátttaka er gjaldfrjál og er skráning á heimasíðu verkefnisins:

<http://lydheilsa.fi.is/>

Á heimasíðu verkefnisins segir að allir göngugarpar sem taka þátt í Lýðheilsugöngum FÍ geta hrept glæsilega vinninga:

- Scarpa Terra Gtx. gönguskór frá Fjallakofanum
- Black Diamond Trail göngustafir frá Fjallakofanum
- Marmot Scree göngubuxur frá Fjallakofanum
- Lowe Alpine Airzone Trek bakpoki frá Íslensku Ölpunum
- Ingibjartur ullarbolur frá Cintamani
- Agnar léttur dúnjakki frá Cintamani
- Langbrók ullarbuxur frá Cintamani
- Gjafabréf að upphæð 10.000.-kr. frá Sportís
- Spannandi vinningar frá Ferðafélagi Íslands

Fjölmennum, njótum, brosum, hlægjum og allt hitt líka...

Með vinsemd og virðingu
f.h. Heilsuráðs
Ellert Örn Erlingsson
Deildarstjóri íþróttamála